



Reykjavík, 19. september 2024

MSS23030208

Breytingartillaga við tillögu aðgengis- og samráðsnefndar sem lögð var fram á fundi nefndarinnar dags. 30. mars 2023

Breytingartillaga aðgengis- og samráðsnefndar varðandi upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum.

Lagt er til að aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva verði settar á aðgengilegt form þannig að Strætó geti miðlað þeim auðveldlega til farþega. Jafnframt að Reykjavíkurborg hvetji hin sveitarfélögin til að koma sambærilegum upplýsingum um sínar biðstöðvar til Strætó.

Greinargerð:

Búið er að gera úttekt á aðgengi biðstöðva Strætó í Reykjavík og eru því til nákvæmar upplýsingar um aðgengi hverrar biðstöðvar. Þessar upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegar farþegum Strætó. Best væri að þessar upplýsingar væri hægt að nálgast á vefsíðu Strætó og í þeim snjallforritum sem fólk notar til að skipuleggja ferðir sínar. Í umsögn Strætó dags. 21. ágúst 2024, kemur fram að ekki séu til gögn á því formi sem þarf til að miðla slíkum upplýsingum. Æskilegast væri auðvitað að geta síað óaðgengilegar biðstöðvar úr leitinni.



Reykjavík